

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 153/1986 um dráttarvélar og hlífabúnað við aflflutning frá þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

2. Dráttarvélar sem seldar eða afhentar voru fyrir 1. janúar 1966, skulu frá og með 15. apríl 1988 búnar öryggisgrind eða veltiboga sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir, sjá þó gr. 48.1.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 29. gr., 47. gr., 49. gr. og 6. mgr. 73. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.

9. nóvember 1987

Nr. 562

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruflutninga með loftförum,
nr. 51 27. febrúar 1976.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningur varnings sérstaks eðlis.

- 4.1. Um flutning hergagna gilda sérstakar reglur.
4.2. Um flutning hættulegra efna gilda sérstakar reglur.
4.3. Við flutning lifandi dýra skal höfð hliðsjón af reglum Alþjóðasambands flugfélaga – International Air Transport Association – eins og þær eru á hverjum tíma, IATA Live Animals Manual (IATA LAM). Flugmálastjórn tilkynnir í Handbók flugmanna um gildandi útgáfu IATA LAM og útvegar eintök þeirra eftir þörfum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 468 15. nóvember 1979.

Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.